

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um aukin fjárframlög með börnum í sjálfstætt starfandi grunn- og leikskólum**

Borgarstjórn samþykkir að veita aukin fjárframlög úr borgarsjóði með þeim börnum sem lögheimili eiga í Reykjavík og sækja nám í sjálfstætt starfandi leikskólum eða grunnskólum í borginni. Markmiðið verði að treysta rekstrargrundvöll skólanna, þannig að sjálfstætt starfandi grunnskólar þurfi ekki að innheimta skjólagjöld, og sjálfstætt starfandi leikskólar þurfi ekki að notast við hærri gjaldskrár, fyrir nemendur búsetta í Reykjavík. Þannig verði efnahagur foreldra ekki ákvarðandi ástæða við skólaval. Skóla- og frístundasviði verði falið að útfæra viðeigandi reiknilíkan vegna breyttra framlaga. Breytingar verði gerðar á samningum við sjálfstætt starfandi leikskóla og grunnskóla og breytingarnar taki gildi frá og með 1. janúar 2023.

### **Greinargerð**

#### *I. Inngangur*

Víða um heim starfa skólar á bæði leik- og grunnskólastigi, reknir á sjálfstæðum grunni. Þessir sjálfstæðu skólar eru almennt litrík viðbót við skólaflóru hvers lands. Þeir hafa gjarnan kynnt til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsæknar skólastefnur. Þeir hafa veitt foreldrum fleiri valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna.

#### *II. Lagaumhverfið*

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 kveða á um skyldu sveitarfélaga til að starfrækja grunnskóla. Lögin ná einnig til reksturs sjálfstætt starfandi skóla hvað grunnskólastarf snertir. Árið 2008 var lögum um grunnskóla breytt á þann veg að sjálfstætt starfandi skólar sem njóta viðurkenningar ríkisins skuli fá tiltekið lágmarksframlag frá sveitarfélögum fyrir hvern nemanda. Lágmarksframlagið nemur 75% af meðalrekstrarkostnaði á hvern nemanda í öllum opinberum grunnskólum landsins, sbr. 43. gr. b. laga um grunnskóla. Flest sveitarfélög landsins greiða eingöngu þetta lágmarksframlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Þetta takmarkaða opinbera framlag veldur því að rekstur skólanna er háður innheimtu skólagjalda.

Lögin útiloka þó ekki að framlög sveitarfélaga verði hærri en sem nemur þessu lögbundna lágmarksframlagi. Til að mynda hefur Garðabær veitt sjálfstætt starfandi grunnskólum í sveitarfélaginu sömu framlög á hvern nemanda og bæjarreknum grunnskólum. Þó með því skilyrði að skólarnir innheimti ekki skólagjöld. Hafnarfjörður stígur nú sama skref.

Í samkomulagi um rekstrar- og húsnæðisframlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt starfandi leikskóla er tíundað hvernig leikskólanir þiggja skert rekstrarframlög frá Reykjavíkurborg. Þar segir að mánaðarlegt rekstrarframlag borgarinnar til sjálfstætt starfandi leikskóla skuli nema 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni hámarksgreiðslu foreldra. Þessar hámarksgreiðslur eru tilteknar í samkomulaginu en þar er sérstaklega tilgreint hvernig gjaldskrár sjálfstætt starfandi leikskóla skulu ákvarðaðar. Þannig má gjaldskrá leikskóla vegna barna 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15. Gjaldskrá leikskóla vegna barna yngri en 18 mánaða má hins vegar margfalda með 2,15. Það gefur því auga leið að foreldrar barna sem sækja sjálfstætt starfandi leikskóla greiða almennt hærri mánaðargjald en foreldrar annarra barna, enda rekstrarframlög borgarinnar verulega skert.

### *III. Sjálfstæðir skólar hérlendis og erlendis*

Síðastliðin ár hafa um 15% leikskólabarna hérlendis sótt sjálfstætt starfandi leikskóla, en um 2,5% grunnskólabarna hafa sótt sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Samanburðurinn er áhugaverður við aðrar Norðurlandþjóðir. Í Danmörku eru 12% allra grunnskólabarna í sjálfstæðum skólum en í Kaupmannahöfn er fjórðungur nemenda í sjálfstæðum skólum. Í Noregi er um 57% allra leikskóla sjálfstætt starfandi. Árið 2014 voru um 20% leikskólabarna í Svíþjóð og um 17% leikskólabarna í Danmörku í sjálfstæðum leikskólum. Ísland er því verulegur eftirbátur nágrannþjóðanna hvað varðar sjálfstæðan rekstur í skólakerfinu.

Holland mælist meðal efstu þjóða í PISA könnunum, jafnvel ofar en Finnland. Í Hollandi er löng hefð fyrir sjálfstætt starfandi skólum en um 70% allra grunnskólabarna sækja nám í slíkum skólum. Starfræktir eru margs konar skólar á grunnskólastigi og réttur manna til að stofna skóla hefur þótt afar mikilvægur.

Grunnskólar í Hollandi innheimta engin skólagjöld, óháð rekstrarformi. Þannig er foreldrum af ólíkum efnahag tryggt val milli opinberra skóla og sjálfstætt starfandi skóla. Með jöfnum opinberum framlögum í bæði kerfi má jafna aðstöðumun barna – þannig fá öll börn jöfn tækifæri til að sækja ólíka skóla óháð efnahag foreldra.

### *IV. Jöfn tækifæri*

Rekstrarumhverfi sjálfstætt starfandi skóla í Reykjavík er erfitt, enda opinber framlög til skólanna takmörkuð. Þessi fjárhagslegi mismunur leiðir til þess að sjálfstætt starfandi skólar fá talsvert lægri fjárhæð mánaðarlega með hverjum nemanda en borgarrekni skólar. Skólarnir verða því að innheimta skólagjöld eða beita margföldunum á gjaldskrár, sem þó duga ekki til að bæta upp fyrir þennan fjárhagslega mismun.

Það er mikilvægt að tryggja frelsi og val í skólamálum. Lykilforsenda valfrelsis er fjölbreyttara rekstrarform. Þannig skapast svigrúm til framþróunar og tækifæri til nýsköpunar. Það hefur sýnt sig að menntakerfi sem veitir kennurum og skólastjórnendum aukið sjálfstæði, skilar betur undirbúnum nemendum. Við þurfum aukið valfrelsi foreldra og tryggari starfsgrundvöll fyrir sjálfstætt starfandi skóla. Einkaframtak í skólakerfinu ýtir undir framfarir og nýsköpun – og stuðlar um leið að aukinni fjölbreytni öllum til heilla.

Það er réttlætismál að tryggja jöfn opinber framlög með hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi þess skóla sem barni er valið. Þannig kæmust sjálfstætt starfandi skólar hjá innheimtu skólagjalda eða hærri gjaldskrár – og þannig mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þeirrar menntunar sem býðst í Reykjavík, því efnahagur foreldra yrði ekki lengur ákvarðandi forsenda við skólaval. Verði tillagan sem hér er borin upp samþykkt, getum við betur tryggt jöfn tækifæri til náms og fjölbreyttara skólakerfi í borginni.